



Blaðsíða 8

**Sumarhús, íbúðir,
hótel og fleira 2024**

Blaðsíða 17

**Kjör í stjórn, ráð og
nefndir Framsýnar**

Blaðsíða 19

**Kjör í stjórn, ráð og
nefndir Þingiðnar**



Forsíða

Þessum mönnum leiðist ekki í sínum daglegu störfum hjá Orkuveitu Húsavíkur. Þetta eru þeir Björn Grétar Ægisson og Jón Friðrik Einarsson sem voru að tengja lagnir við orlofsíbúðir Þingiðnar og Framsýnar sem eru í byggingu í Hraunholtinu á Húsavík þegar myndin var tekin á dögnum.

ÚTGEFENDUR

Þingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirllestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 3. febrúar 2024

UPPLAG

1000

PRENTUN

Héraðsprent



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Þingið – Vinnutími samræmdur frá 1. febrúar 2024

Frá 1. febrúar 2024 var samræmdur vinnutími hjá aðildarfélögum Samiðnar, þar á meðal Þingiðnar, en frá þeim tíma verður virkur vinnutími 36 klukkustundir á viku. Jafnframt verður deilitala dagvinnukaups 156 frá sama tíma. Áhrif breytts fyrirkomulags á kaffi- og matartíma hefur engin áhrif nema um annað sé samið. Umrædd breyting byggir á 3. grein í kjarasamningi aðila frá 12. desember 2022 en gildistími hans er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024. Ef óskað er aðstoðar við útfærsluna er hægt að senda tölvupóst á postur@samidn.is eða koma við á skrifstofu stéttarfélaganna.



Hvatningarbréf frá Félagi eldri Mývetninga

Framsýn hefur borist bréf frá Félagi eldri Mývetninga er varðar almennt stöðu eldri borgara á Íslandi um leið og þakkað er fyrir yfirlýstan stuðning Framsýnar varðandi kjör eldri borgara með baráttukveðjum.


„Stjórn Félags eldri Mývetninga hvetur til viðtækrar samstöðu um að ná niður verðbólgu og vöxtum. Jafnframt hvetur stjórnin verkalýðsfélagið Framsýn til að tryggja að eldra fólk verði ekki skilið eftir og því tryggðar verulegar kjarabætur í þeim viðræðum um kjör sem fram fara milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins. Einsýnt þykir að tomt mál sé að tala um



þjóðarsátt eða breiðfylkingu á þeim vettvangi ef ekki á að taka tillit til löngu tímabærra úrbóta á kjörum eldra fólks en innan þessa hóps er að finna fátækustu aðila í samfélaginu sem oftast en ekki búa við algjört úrræðaleysi og verða að treysta á stuðning samfélagsins til daglegra þarfa. Hér er vísað til stefnu LEB í kjaramálum þar sem þess er krafist að almennt frítækjumark verði hækkað og gripið til sértækra aðgerða til að bæta kjör þeirra verst settu. Áfram verði síðan unnið að lagfæringum og úrbótum. Rétt er að minna á að langflest þeirra tugþúsunda eldra fólks sem um ræðir eru eldri félagsmenn í stéttarfélagunum sem lögðu grunninn að íslensku atvinnulífi og því þjóðfélagi sem við teljumst til í dag. Mikilvægt er að fulltrúar þeirra eigi aðkomu að þeim viðræðum sem standa yfir við stjórnvöld.“

Um er að ræða góða brýningu sem Framsýn hefur þegar tekið til umræðu innan félagsins og komið á framfæri við Starfsgreinasamband Íslands enda tekur félagið heilshugar undir með Mývetningum. Framsýn hafði reyndar áður lagt vinnu í tillögur sem snúa að því að bæta kjör eldri borgara sem komið var á framfæri við Starfsgreinasamband Íslands. Hægt er að nálgast tillögur Framsýnar inn á heimasíðu stéttarfélaganna.

Námsstyrkir til starfsmanna ríkis- og sveitarfélaga hækkaðir



Ákveðið hefur verið að hækka námsstyrki til félagsmanna Framsýnar sem starfa hjá stofnunum ríkisins og sveitarfélögum á félagssvæðinu frá og með 1. janúar 2024. Aðild félagsins að fræðslusjóðunum Sveitamennt og Ríkismennt gerir félaginu þetta kleift.

Það er ánægjulegt að kynna þessa breytingu en með þessu er leitast við að mæta þörfum þeirra félagsmanna sem vilja bæta þekkingu, ná í aukin réttindi og mæta morgundeginum með þá hæfni sem nauðsynleg er. Þessi breyting mun vonandi verða til þess að enn fleiri geti sótt og greitt fyrir nám eða námskeið sem teljast til starfsmenntunar.

Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu tvö ár eiga rétt á styrk allt að kr. 260.000,- eða síðustu þrjú ár eiga rétt á allt að kr. 390.000,- fyrir eitt samfellt nám eða námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins. Tveggja ára reglan kemur ný inn frá síðustu áramótum. Uppsafnaður réttur skerðist ekki hafi félagsmaður fengið styrk undir kr. 50.000,- á tíma uppsöfnunar. Sá styrkur kemur þó til frádráttar fullum rétti.

Þá verður jafnframt fallið frá hlutfallsstyrkjum, eins og verið hefur, til einstaklinga vegna kostnaðar við nám. Framvegis eiga félagsmenn rétt á 100% styrkjum, þó að hámarki kr. 130.000,- á ári. Þetta mun einnig koma verulega til móts við þá einstaklinga sem nýta sjóðina til að niðurgreiða námskeið og nám sem þeir kunna að sækja og stunda. Sem sagt, áður voru greiddir 80% styrkir en f.o.m. 1. janúar 2024 verða greiddir 100% styrkir en að hámarki eins og áður kr. 130.000,- á ári. Síðan ber að hafa það í huga að styrkir fara eftir greiddu félagsgjaldi til Framsýnar síðustu 12 mánuði.

Námsstyrkir hækka til félagsmanna á almenna vinnumarkaðinum



Við gerum betur og betur við okkar félagsmenn sem starfa á almenna vinnumarkaðinum. Aðild félagsins að fræðslusjóðnum Landsmennt gerir félaginu þetta kleift. Hækkarnir taka gildi frá og með 1. janúar 2024.

Það er ánægjulegt að kynna þessa breytingu en með þessu er leitast við að mæta þörfum þeirra félagsmanna sem vilja bæta þekkingu, ná í aukin réttindi og mæta morgundeginum með þá hæfni sem nauðsynleg er. Þessi breyting mun vonandi verða til þess að enn fleiri geti sótt og greitt fyrir nám eða námskeið sem teljast til starfsmenntunar.

Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu tvö ár eiga rétt á styrk allt að kr. 260.000,- eða síðustu þrjú ár eiga rétt á allt að kr. 390.000,- fyrir eitt samfellt nám eða námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins. Tveggja ára reglan kemur ný inn frá síðustu áramótum. Uppsafnaður réttur skerðist ekki hafi félagsmaður fengið styrk undir kr. 50.000,- á tíma uppsöfnunar. Sá styrkur kemur þó til frádráttar fullum rétti.

Samhliða breytingunum um síðustu áramót hækkar endurgreiðsluhlutfallið úr 80% í 90% af námskeiðsgjaldinu, þó að hámarki kr. 130.000,- á ári.

Glaðningur til starfsmanna sveitarfélaga

Í kjarasamningi aðildarfélaga SGS og Sambands ísl. sveitarfélaga sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn var samið um að sveitarfélögin greiddu 1,5% af heildarlaunum starfsmanna inn í svokallaðan félagsmannasjóð. Hvað félagsmenn Framsýnar varðar, þá er sjóðurinn vistaður hjá Framsýn. Kveðið er á um að standa skuli skil á þessum greiðslum til félagsmanna 1. febrúar ár hvert fyrir árið á undan. Greitt er úr sjóðnum árlega, það er 1. febrúar. Starfsmenn Norðurþings, Þingeyjarsveitar og Tjörneshrepps sem eru innan Framsýnar eiga þegar að hafa fengið þessa greiðslu. Ef ekki, eru þeir beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst. Rétt er að geta þess að ekki hefur verið tekin staðgreiðsla af upphæðinni. Því þarf að greiða skatta af þessum greiðslum eftir á. Í heildina munu 498 félagsmenn innan sveitarfélaga fá greiddar um 26 milljónir úr félagsmannasjóðnum.



Televisions restrictions in holiday homes of the Unions

Please note that it is prohibited to change settings on television sets in holiday homes/flats belonging to the unions. Sometimes it happens that new tenants are unable to use the TVs in the flats because cords and settings have been tampered with by previous tenants. If this happens, a repairman will be called at the expense of the tenant responsible.

Formannsskipti í Deild verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar var haldinn 11. janúar 2024. Miklar og góðar umræður urðu um kjaramál og yfirstandandi viðræður aðila vinnumarkaðarins. Töldu fundarmenn mikilvægt að tekið yrði fullt tillit til hagsmuna landsbyggðarinnar í viðræðum verkalyðshreyfingarinnar við ríkið og Samtök atvinnulífsins. Ályktað var um málið. Hægt er að nálgast ályktunina inn á heimasíðu stéttarfélaganna. Umræður urðu jafnframt um verslun og þjónustu á félagssvæðinu. Óánægju gætir með einu stóru matvörubúðina á Húsavík sem Samkaup reka. Forsvarsmönnum Framsýnar var falið að koma óánægjunni á framfæri við stjórnendur Samkaupa og krefjast úrbóta hvað varðar vöruúrval og almennt aðgengi í búðinni sem þegar hefur verið gert en formaður Framsýnar fundaði á dögnum með forstjóra Samkaupa. Annar fundur aðila er áætlaður á næstu vikum. Þá var gengið frá kjöri á öflugri stjórn deildarinnar sem er með yfirgripsmikla þekkingu á stöðu og réttindamálum verslunar- og skrifstofufólks. Aðalsteinn J. sem er reyndur félagsmálamaður var kjörinn formaður deildarinnar en hann var nýlega ráðinn á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Tæplega 400 félagsmenn eru skráðir í deildina og fer ört fjölgaði.



Nýkjörin stjórn deildarinnar kom saman til myndatöku eftir aðalfundinn. Aðalsteinn J. Halldórsson formaður, Elva Héðinsdóttir varaformaður, Karl Hreiðarsson ritari, Anna Brynjarsdóttir meðstjórnnandi og Kristbjörg Vala Kristjánsdóttir meðstjórnnandi.

Dregið úr styrkjum til sveitarfélaga vegna aðildarfélaga BSRB

Mannauðssjóður Kjalar, Mannauðssjóður Samflots bæjarstarfsmanna og Mannauðssjóður KSG hafa tekið sameiginlega ákvörðun um að loka á styrkveitingar vegna ferðakostnaðar og gistingar í náms- og kynnisferðum í styrk til sveitarfélaga/stofnana. Ákvörðunin kemur til vegna bágrar fjárhagsstöðu sjóðanna í kjölfar mikillar aukningar á umsóknum í náms- og kynnisferðir. Lokunin tók gildi 24. desember 2023. Þessar reglur gilda m.a. fyrir félagsmenn í Starfsmannafélagi Húsavíkur sem starfa hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra enda félagið innan BSRB.

Pingiðn hækkar námsstyrki

Fræðslusjóður Pingiðnar hefur verið að eflast ár frá ári en hann var stofnaður 2018. Þess vegna hefur verið tekin ákvörðun um að hækka styrki úr sjóðnum. Frá og með síðustu áramótum eiga félagsmenn rétt á allt að kr. 130.000,- styrk á ári, þó aldrei meira en 90% af kostnaði við námið. Nýti félagsmenn ekki sjóðinn í þrjú ár hækkar upphæðin í kr. 390.000,-. Jafnframt kemur inn ný regla varðandi tveggja ára rétt. Það er, nýti félagsmenn ekki réttinn í tvo ár eiga þeir rétt á kr. 260.000,- í niðurgreiðslur.



Unnið við frágang á borholum

Meðfylgjandi mynd var tekin á dögnum þegar unnið var að því að setja upp toppbúnað á ÞG-20 sem er seinni borholan sem Jarðboranir boruðu fyrir Landsvirkjun í sumar á Þeistareykjum. Því fylgir að tengja hana við hljóðdeyfi, frárennsli ofl. Nú er holan að hita sig og verður væntanlega hleypt upp fljótlega. Fyrri holan, ÞG-19, hefur verið í blæstri frá því í desember og lofar góðu. Báðar borholurnar eru skáboraðar. Lengdin á þeim er 3000 metrar og raundýpið eitthvað um 2400 metrar. Síðan er að vona, að orkan sem verður til við frekari boranir á Þeistareykjum, verði notuð til atvinnuuppbyggingar í Norðurþingi og/eða Þingeyjarsveit.



Tæplega 100 milljónir til félagsmanna

Það kemur sér afar vel fyrir félagsmenn Framsýnar að eiga aðild að öflugu stéttarfélagi, ekki síst í veikindum. Styrkur félagsins gerir það að verkum að félagið getur gert betur við sína félagsmenn en almennt gerist á almenna vinnu-markaðinum. Samkvæmt bráðabirgðatölum fengu félagsmenn greiddar um 97 milljónir frá félaginu á árinu 2023 í sjúkrastyrki og sjúkradagpeninga vegna langvarandi veikinda, það er eftir að kjarasamningsbundnum rétti þeirra var lokið hjá viðkomandi fyrirtæki. Í heildina bárust 1.389 umsóknir í sjóðinn. Innan Framsýnar eru rúmlega 3.400 félagsmenn.

Sjúkrasjóðurinn hefur komið að því að greiða niður kostnað fyrir félagsmenn m.a. sálfræðipjónustu, sjúkraþjálfun, heilsurækt, útfararkostnað, krabbameinsskoðun, áhættumat hjá hjartavernd, göngugreiningu, viðtalstíma hjá fjölskylduráðgjöfum og kostnað vegna gleraugnakaupa og kaupa á heyrnatækjum. Þá eiga félagsmenn einnig rétt á fæðingarstyrk frá félaginu sem og fleiri styrkjum sem hægt er að fræðast betur um á heimasíðu stéttarfélaganna; framsyn.is. Reiknað er með að tekjur sjóðsins í gegnum iðgjöld verði rúmlega 100 milljónir á árinu 2023, þannig að hann komi til með að standa undir þeim skuldbindingum er tengjast útgreiðslum úr sjúkrasjóðnum. Niðurstöðutölur vegna ársins liggja ekki fyrir.



Umsóknartímabil í Kötlu félagsmannasjóð

Athygli er vakin á því að yfirstandandi umsóknartímabili í Kötlu félagsmannasjóð lauk 28. desember. Fyrsta útgreiðsla á árinu verður nú í febrúar. Aðild að Kötlu félagsmannasjóði eiga eingöngu starfsmenn sveitarfélaga sem eru félagsmenn aðildarféлага BSRB, þar á meðal félagar í Starfsmannafélagi Húsavíkur. Nánar má lesa um útlutunarreglurnar inn á heimasíðu sjóðsins.

Skrifað formlega undir kaupsamning

Þann 10. janúar var formlega gengið frá kaupum Framsýnar og Þingiðnar á tveimur orlofsíbúðum sem eru í byggingu í Hraunholtinu á Húsavík. Áður höfðu kaupin verið handsöluð. Það voru formenn félaganna, Jónas og Aðalsteinn Árni sem undirrituðu kaupin fh. félaganna, ásamt verktakanum Ragnari Hjaltested. Með kaupunum vilja félögin auka enn frekar þjónustu við félagsmenn sem starfa víða um land en um 60% félagsmanna Framsýnar búa utan Húsavíkur eða tæplega 2.000 félagsmenn af 3.500 félagsmönnum. Þá eru félagsmenn Þingiðnar einnig dreifir um landið. Ákvörðunin um kaupin var tekin á sameiginlegum félagsfundi stéttarfélaganna 21. nóvember 2023 þar sem tillaga um kaup á íbúðunum var samþykkt samhljóða með lófaklappi. Um er að ræða 118 m² íbúðir með geymslu. Íbúðirnar verða full frágengnar með lóð og upphituðu bílastæði. Verðmatið per íbúð er 69.350.000,-. Áætlað er að íbúðirnar verði klárar 1. ágúst 2024. Gangi það eftir verða íbúðirnar klárar í útleigu til félagsmanna frá þeim tíma. Jafnframt er til skoðunar að nota íbúðirnar í skiptum yfir sumarið, það er frá 2025, fyrir orlofshús í eigu annarra stéttarféлага víða um land. Slík skipti opna á nýja og áhugaverða möguleika fyrir félagsmenn Þingiðnar og Framsýnar, þannig fengju þér aðgengi að orlofshúsum s.s. á Vestfjörðum, Vesturlandi og á Suðurlandinu í staðin fyrir orlofsíbúðirnar á Húsavík. Þá geta íbúðirnar einnig gagnast félagsmönnum sem búa utan Húsavíkur og aðstandendum þeirra þurfi þeir að dvelja á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um tíma vegna veikinda.

Um er að ræða sögulega stund. Víða um land eiga stéttarfélög og starfsmannafélög orlofsíbúðir í þéttbýli s.s. á Akureyri þar sem eru fjölmargar íbúðir. Fram að þessu hefur það ekki þekkt að slíkar íbúðir væru í boði á Húsavík. Með kaupum Framsýnar og Þingiðnar á tveimur orlofsíbúðum verður þar breyting á hvað félagsmenn þessara félaga varðar. Til fróðleiks má geta þess að félagsmenn eru strax byrjaðir að sækja um vikur í íbúðunum á árinu 2025. Eðlilega er ekki búið að opna fyrir úthlutanir á árinu 2025.



Umgengni við sjónvarpstæki í orlofshúsum

Athygli er vakin á því að bannað er að breyta stillingum á sjónvarpstækjum í orlofshúsum/íbúðum stéttarfélaganna. Nokkuð er um að nýir leigjendur geti ekki notað sjónvörpin í íbúðunum vegna þess að fíkað hafi verið í snúrum og stillingum af fyrri leigjendum. Ef svona lagað gerist verður kallaður til viðgerðarmaður á kostnað þess leigjanda sem ber ábyrgðina. Höfum í huga að leigjendum ber að tryggja að sjónvarpið sé í lagi þegar þeir yfirgefa íbúðirnar. Annars geta þeir verið í vöndum málum.



Líflegur aðalfundur Sjómannadeildar

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar var haldinn í lok desember. Miklar og góðar umræður urðu um um stöðu sjómanna sem hafa verið samningslausir á fimmta ár. Ályktað var um málið. Þá urðu jafnframt umræður um skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2023. Stjórnin var endurkjörin nema hvað Sigdór Jósefsson kemur nýr inn í stjórn deildarinnar í stað Aðalsteins Steinþórssonar. Jakob Gunnar Hjaltalín var endurkjörinn sem formaður félagsins og Börkur Kjartansson sem varaformaður. Aðrir í stjórn eru Gunnar Sævarsson og Héðinn Jónasson. Hægt er nálgast frekari upplýsingar um fundinn inn á heimasíðu stéttarfélaganna.



Áframhaldandi samstarf - flugmiðar hækka í verði

Forsvarsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum og Flugfélagið Ernir hafa gengið frá áframhaldandi samkomulagi um flugfargjöld fyrir félagsmenn á flugleggnum Reykjavík – Húsavík. Fram að þessu hefur verðið verið kr. 15.000,- per flugmiða. Vegna kostnaðarhækkana hjá flugfélaginu hækka miðarnir til Framsýnar í kr. 17.500,-. Framsýn mun áfram selja miðana á kostnaðarverði. Hækkunin tók gildi 1. febrúar 2024. Samningsaðilar eru sammála um að halda áfram samstarfi sem byggir á því að tryggja og efla flugsamgöngur milli Húsavíkur og Reykjavíkur um ókomna tíð. Eins og kunnugt er hefur ríkt ákveðin óvissa um framtíð flugs milli þessara áfangastaða. Aðilar binda vonir við að hægt verði að tryggja flugið með samstilltu átaki hagsmunaaðila. Hvað það varðar er mjög mikilvægt að íbúar á svæðinu, fyrirtæki og stofnanir noti flugið um Húsavík, þannig náum við að viðhalda flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur.

Atkvæðagreiðsla hafin um kjarasamning Sjómannna

Þann 6. febrúar var undirritaður nýr kjarasamningur milli Sjómannasambandsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Samningurinn byggir á samningnum sem felldur var í fyrra en í þessum samningi er tekið tillit til helstu atriða sem voru gagnrýnd í þeim samningi. Kynningu á helstu atriðum samningsins og þeim breytingum sem gerðar voru má sjá á heimasíðu Framsýnar, framsyn.is.

Atkvæðagreiðsla um samninginn sem er rafræn hófst 12. febrúar. Atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 15:00 þann 16. febrúar. Athugið að hver einstaklingur getur aðeins kosið einu sinni og því ekki hægt að breyta atkvæðinu eftir að búið er að kjósa. Því er mikilvægt að sjómenn kynni sér samninginn vel áður en þeir kjósa.



Stéttarfélag sjómannna og Samtök útgerðarmanna (SFS) undirrituðu kjarasamning 6. febrúar í húsnæði ríkissáttasemjara. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, var á staðnum og undirritaði samninginn fyrir hönd Framsýnar.

Lágmarksfélagsgjald og kjörgengi

Félagsgjöld í Framsýn eru ákveðin á aðalfundi félagsins á hverjum tíma. Þau hafa verið óbreytt til fjölda ára eða 1% af launum starfsmanna. Til að teljast fullgildur félagsmaður þurfa menn að vera á vinnumarkaði og hafa náð að greiða lágmarksfélagsgjald kr. 14.649,- á árinu 2023. Félagsmenn sem eru á vinnumarkaði og ná ekki að greiða lágmarksgjaldið s.s. vegna þess að þeir eru í hlutastarfi eða störfuðu á vinnumarkaði, aðeins hluta af árinu, stendur til boða að greiða mismuninn á greiddu félagsgjaldi á árinu og lágmarksgjaldinu enda ætli þeir sér að vera áfram á vinnumarkaði. Geri menn það hafa menn fullt kjörgengi í félaginu og teljast fullgildir félagsmenn. Eða eins og stendur í lögum félagsins; „þeir félagsmenn, sem ekki hafa náð að greiða það lágmarksgjald, sem aðalfundur hefur ákveðið skulu færðir á aukafélagaskrá. Greiði þeir skuld sína vegna næstliðins starfsárs fyrir 31. mars, skulu þeir á ný færðir á skrá yfir fullgilda félagsmenn.“ Rétt er að taka skýrt fram að greiðslur til félagsmanna úr sjóðum félagsins s.s. sjúkra- orlofs eða starfsmenntasjóðum taka ávallt mið af greiðslum atvinnurekenda í þessa sjóði af viðkomandi félagsmönnum ekki lágmarksgjaldinu enda kjarasamningsbundið að atvinnurekendur greiði í þessa sjóði, ekki almennir félagsmenn. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna eða með því að senda fyrirspurn á netfangið kuti@framsyn.is.



Fyrirtæki – stofnanir

Fyrirtækjum og stofnunum sem hafa innan sinna raða starfsmenn sem greiða til Framsýnar stendur til boða að fá góða styrki til fræðslu eða starfsmenntunar úr kjarasamningsbundnum fræðslusjóðum. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn-

Stéttarfélagin í Pingeyjarsýslum, Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshús eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Þá er í boði ódýrt flug, tjaldstæðastyrkir og gistiávisanir á hótél og gistiheimili víða um land.

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsofi er í stofu og tvær aukadýnur. Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús á Einarstöðum



Sumarhúsin að Einarstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun

o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt á staðnum. Sækja og greiða þarf fyrir línið hjá umsjónarmanni á Einarstöðum.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl

Leiguverð sumarið 2024

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 32.000 á viku sumarið 2024. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshús eru í boði. Einnig er hægt að nálgast umsóknarblöð á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 10. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Ekkert punktakerfi

er við lýði hjá stéttarfélagunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félagunum.

Flókalundur - Barðaströnd



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir feegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum

rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenninu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Illugastaðir Hús nr. 6



Í boði er 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveimur kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd með heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum. Í ár verður orlofshúsið í leiguskiptum frá 1. júní til 1. september 2024.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherbergjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel

búið með þremur svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 2. júní til 1. september en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Sólheimar 23 Reykjavík



Íbúðin í Sólheimum er þriggja herbergja. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.

Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.

Furulundur 11e - Akureyri



Íbúðin er rúmgóð með þremur svefnherbergjum, það er hjónaherbergi og tveimur herbergjum með þremur rúmum og tveimur auka dýnum. Þá er barnarúm í íbúðinni.

Góð verönd er við íbúðina sem er endaíbúð í raðhúsi.

Orlofshús Eiðum



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið

stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi



Í boði eru fimm glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til

100 fm. Í íbúðunum eru tvö herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5



Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að

koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Alba gistiheimili – góður kostur



Við viljum benda á athyglisverðan kost fyrir félagsmenn sem eiga leið í styttri ferðir til Reykjavíkur sem er Alba gistiheimili. Það er vel staðsett að Eskihlíð 3 sem er á milli Miklubrautar og

Bústaðavegar og því stutt frá flugvöllinum. Hægt er að bóka einstaklingsherbergi og upp í fjögurra manna herbergi á mjög hóflegu verði. Sjá frekar inn á orlofssíðu Stéttarfélaganna.

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Bláskógar 12 - Svínadal



Bústaðurinn er staðsettur í Svarfhólsskógi, 44 m² með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Hjónarúm eru í báðum svefnherbergjum auk barnarúms. Á svefnlofti eru aukadýnur. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Vorið 2008 var endurnýjuð eldhúsinnrétting og gólfefni á neðri hæð endurnýjuð 2020. Baðherbergi endurnýjað vor 2019. Góður pallur er í kringum bústaðinn, heitur pottur, gasgrill og garðhúsgögn.

Hraunholti 26-28 - Húsavík



Tvær nýjar íbúðir í Hraunholti 26-28 á Húsavík standa félagsmönnum til boða frá og með 1. ágúst 2024. Um er að ræða parhús, 4 herbergja á einni á hæð. Hver eign um sig er 105,7 m² að stærð auk þess sem um 12 m² garðskúr er við hvora íbúð. Íbúðirnar samanstanda af þremur svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi, stofu, forstofu, þvottahúsi og garðskúr. Svefnstæði eru fyrir sex gesti auk þess sem tvær dýnur eru í íbúðunum. Við húsinn er verönd með heitum potti og fallegum garði.

Flugmiðar í boði

Frá og með 1. febrúar 2024 stendur félagsmönnum stéttarfélaganna til boða að kaupa flugmiða á flugleiðinni Húsavík-Reykjavík á kr. 17.500,-.



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Ánægðir með ferðaávísunina

Ljóst er að félagsmenn stéttarfélaganna eru duglegir við að notast við afsláttarkjör sem þeim bjóðast með kaupum á ferðaávísunum á heimasíðu félaganna, www.framsyn.is. Á árinu 2023 fengu félagsmenn um 3,7 milljónir í styrki frá félögunum í gegnum kaup á ferðaávísunum. Það er fyrir utan afsláttinn sem félögin höfðu áður samið um við ferðapjónustuaðila víðs vegar um landið og tilteknir eru inn á orlofsvef stéttarfélaganna undir þeim hótélum sem samið hefur verið við um þessi afsláttarkjör. Á hverju ári stendur félagsmönnum til boða 20.000 kr. ferðaávísun hjá félögunum. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ávísun á frábært sumar

Við hjóðum félagsmönnum að kaupa ferðabúnað sem tryggir gistingu á góðu velli í sumar, í samræmi við ástæðu hótela og gæðum.

Staðla þú á orlofsvef félaganna á [framsyn.is](http://www.framsyn.is) og skoðaðu hvar þú ert að mæta á milli hótela og gæðum.

Kaupðu ferðabúnað og njóttu Íslands á sórkjörum.

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

FRAMSYN

Veiðikortið 2024

Veiðikortið 2024 stendur félagsmönnum stéttarfélaganna til boða á sérstöku vildarverði, eða 5.700 krónur. Fullt verð er kr. 9.900. Greiða þarf fyrir veiðikortin á Skrifstofu stéttarfélaganna. Síðan munu þau berast félagsmönnum með pósti. Helstu upplýsingar um veiðikortið má nálgast á www.veidikortid.is.



Konvin Hotel By Keflavik Airport



Stéttarfélögin hafa verið með samning við Konvin Hotel By Keflavik Airport. Hótelið hefur verið mjög vinsælt meðal félagsmanna stéttarfélaganna enda góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Akstur til og frá Keflavíkflugvelli hefur verið innifalinn í verðinu fyrir gistingu. Með því að fara inn á orlofsvef stéttarfélaganna geta menn keypt ferðaávísun sem gildir sem afsláttur fyrir félagsmenn á gistingu. Auk þess hefur verið samið um viðbótarafslátt sem er innifalinn í uppgæfni verði á orlofsvefnum. Samningur stéttarfélaganna við hótelið rennur út í vor en unnið er að því að endursemja við hótelið um sambærileg kjör, það er að þau gildi áfram.

Lausar vikur í orlofshúsum

Pegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Ferðaávísun í boði

-Kostakjör fyrir félagsmenn-

Félagsmenn sem velja að ferðast um landið í sumar og gista á þeim fjölmörgu hótélum og gistiheimilum sem stéttarfélögin hafa samið við um afsláttarkjör fyrir félagsmenn eiga rétt á ferðaávísun til viðbótar upp á kr. 25.000. Ávísunina geta félagsmenn notað til að niðurgreiða dvölinna á hótélum og gistiheimilum sem finna má á orlofsvef stéttarfélaganna. Ferðaávísunin virkjust sjálfkrafa sé gisting á hótélum eða gistiheimilum pöntuð í gegn um orlofsvefinn. Það er, menn geta notað ávísunina til að greiða hverja nótt niður um 20% þó að hámarki kr. 25.000,-. Fram hefur komið hjá félagsmönnum að þeir eru mjög ánægðir með þennan möguleika að geta ferðast um landið og gist á hótélum og gistiheimilum á sérkjörum stéttarfélaganna. Hér að neðan má sjá dæmi um fjölmarga gistimöguleika og gönguferðir sem eru í boði fyrir félagsmenn sem geta tekið breytingum milli ára. Nánari upplýsingar eru að sjálfsögðu í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Hótel Laugabakki

Norðurland



Hótel Vestmannaeyjar

Suðurland



Íslandshótel Reykjavík

Höfuðborgarsvæðið



Ferðafélag Íslands

Suðurland



Langholt

Vesturland



Siglunes

Norðurland



Vogur Sveitasetur

Vesturland



Hótel Katla

Suðurland

Orlofshús á Spáni

Til leigu fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa fengið aðgengi fyrir félagsmenn að tveggja herbergja íbúð í Alicante á Spáni. Um er að ræða íbúð á neðri hæð í litlu fjölbýli með nokkuð stóru útisvæði sem tilheyrir þessari íbúð eingöngu. Auk svefnherbergis er baðherbergi, rúmgóð stofa, eldhús og þvottahús með þvottavél. Í heildina eru svefnstæði fyrir fjóra í tvíbreiðu rúmi í herbergi og svefnsófa í stofunni. Í húsinu eru rúmföt og tuskur. Íbúðin er í lokuðum íbúðarkjarna með sér sundlaug og útisvæði. Frá flugvælinum í Alicante er um 40 km að íbúðinni. Auðvelt er að komast að henni frá flugvælinum með rútu, leigubíl eða bílaleigubíl. Margvísleg afþreying er á svæðinu, svo sem bátsferðir, skemmtisiglingar og fleira. Þá er í göngufæri verslunarkjarni þar sem finna má úrval verslana s.s. Primark og H&M. Einnig er stutt í matvöruverslanir s.s. Carrefour. Nokkur flugfélög fljúga til Alicante s.s. Icelandair.

Verð á íbúð:

Vikuleiga er kr. 56.000,- og hver dagur eftir það kostar kr. 8.000,-.

Frá þessu verði dragast til viðbótar sérkjör félagsmanna kr. 2.000 per. dag sem gist er í íbúðinni. Félagsmenn geta fengið íbúðina leigða í allt að 14 daga enda sé hún laus. Ekki er vitlaust að miða tímabil dvalar við hvenær ódýrast er að fljúga til Alicante. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttafélaganna. Eða hjá umsjónarmanni á Spáni sem er Inga J. Hjaltadóttir. Netfangið er ingajh@hotmail.com. Þangað er einnig hægt að senda fyrirspurnir um íbúðina.



Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 60.000 til 80.000 í leigu fyrir vikuna.

Leiguverðið í sumari til félagsmanna verður

kr. 31.000,-.

Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar fyrir stéttarfélagin að hafa húsin á leigu.

Tjaldstæðastyrkur- Útilegukort

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 28.000,-.

Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Stéttarfélagin eru með **Bílaleiga Húsavíkur** samning við Bílaleigu **B** Garðarsbraut 66 • Húsavík
Símar 464 2500 & 892 3436

Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélagin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingið, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausri brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum víða um land. Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng koddar, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110. Gisti félagsmenn á farfuglaheimilum geta þeir framvísað reikningum fyrir gistingu á Skrifstofu stéttarfélaganna. Gegn því færst endurgreiðsla að upphæð kr. 2.500 per nótt fyrir gistingu.

Borgarhólsskóli til fyrirmyndar

Stjórnendur Borgarhólsskóla á Húsavík leggja mikið upp úr því að nemendur fræðist um vinnumarkaðinn. Á hverju ári koma hópar frá skólanum í heimsókn til stéttarfélaganna á Húsavík til að fræðast um starfsemi stéttarfélaga og vinnumarkaðinn. Nú í febrúar kom hópur úr 10. bekk skólans í heimsókn í árlega kynningu. Um er að ræða fyrirmyndar nemendur. Starfsfólk stéttarfélaganna er ávallt tilbúið að taka á móti nemendum og/eða koma með kynningar í skóla á félagssvæðinu.



Hressir krakkar litu við

Frjálsíþróttakrakkar innan HSB komu við á Skrifstofu stéttarfélaganna í lok nóvember en þau stefna að því að fara á Gautaborgarleikana sem fram fara í Svíþjóð í júlí 2024. Voru þau að leita að styrkjum til að fjármagna ferðina. Að sjálfsögðu kemur Framsýn að því ásamt öðrum styrktaraðilum að styrkja unga fólkið til ferðarinnar.



Færðu Völsungi æfingavesti

Barna- og unglingaráð Völsungs biðlaði nýlega til Framsýnar um að styrkja kaup á æfingavestum fyrir yngri flokka félagsins í knattspyrnu. Framsýn varð við ósk íþróttafélagsins og færði þeim ný vesti sem að sögn forsvarsmanna koma að góðum notum í yngri flokka starfinu sem er með öflugasta móti um þessar mundir. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, gerði sér ferð út á æfingasvæði Völsungs þar sem ungir iðkendur voru á æfingu undir stjórn Elmars Ö. Guðmundssonar þjálfara og afhendi þeim vestin formlega. Með þeim á hópmyndinni er Aðalsteinn Jóhann Friðriksson yfirþjálfari yngri flokka Völsungs.



Góð heimsókn til PCC

Forsvarsmenn Framsýnar, Aðalsteinn Árni og Aðalsteinn Jóhannes gerðu góða ferð til PCC á Bakka í lok janúar. Félagarnir fengu höfðinglegar móttökur. Tilgangur ferðarinnar var að fræðast um starfsemina og heilsa upp á starfsmenn verksmiðjunnar. Um þessar mundir eru um 140 starfsmenn við störf auk þess sem nokkrum verkþáttum hefur verið útvistað til undirverktaka. Það voru þau Gestur Pétursson forstjóri, Steinþór Freyr Þorsteinsson öryggisstjóri, Þórunn Harðardóttir sérfræðingur í öryggis- og umhverfisteymi og Marella Steinsdóttir mannauðsstjóri sem sáu um kynninguna.



Steinþór Freyr Þorsteinsson er að sjálfsögðu með merki Völsungs á skjánum en hann á langan og farsælan feril sem knattspyrnumaður. Hefur bæði spilað á Íslandi og eins erlendis auk þess að vera um tíma í íslenska landsliðinu.



Konur og karlar starfa hjá PCC sem er eitt mikilvægasta fyrirtækið á félagssvæðinu.



Ingimar Knútsson er öflugur maður í alla staði en hann er einn af þremur trúnaðarmönnum starfsmanna PCC.



Það er mikill mannauður hjá PCC, hér má sjá Kristján Hjaltalín sem undanfarin ár hefur verið á sjó en er nú kominn til starfa á Bakka.

Trúnaðarmannanámskeið



Framsýn stendur fyrir tveggja daga trúnaðarnámskeiði 7. - 8. mars. Skráning á námskeiðið er hafin. Afar mikilvægt er að starfandi trúnaðarmenn taki þátt í námskeiðinu en það er einnig opið fyrir trúnaðarmenn innan Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur. Nánari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Þáðu boð forseta Íslands

Í tilefni af fullveldisdeginum 1. desember bauð forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, formönnum launþega-samtaka heim á Bessastaði. Meðal þeirra voru formenn þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík, þau Aðalsteinn Árni, Hermína og Jónas sem voru afar ánægð með boðið. Guðni fór í fáeinum orðum yfir sögu Bessastaða og bauð síðan gestum að skoða staðinn.



Formenn stéttarfélaganna, Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar, Hermína Hreiðarsdóttir formaður Starfsmannafélags Húsavíkur og Jónas Kristjánsson formaður Þingvinnu.



Þessar tvær eru frábærar í alla staða, þetta eru þær Agnieszka starfsmaður stéttarfélaganna og Ida Night Mukozu Ingadóttir sem leit við á Skrifstofu stéttarfélaganna þar sem hana vantaði smá upplýsingar.



Mývetningar eru fyrirferðarmiklir í starfi Framsýnar, hér má sjá fjóra trúnaðarmenn sem jafnframt gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þetta eru þau Rúnar Þór Jóhannsson, Elísa Dagmar Andrésdóttir, Stefán Stefánsson og Agnes Einarsdóttir sem tóku þátt í fundi á vegum Framsýnar í desember.

Heimsókn í Haukamýri

Fiskeldið Haukamýri við Húsavík hefur verið starfrækt á þriðja áratug og er því ein elsta fiskeldisstöð landsins. Stöðin sérhæfir sig í bleikjueldi frá klaki til fullunnar vöru. Framleiðsla hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár með gæði og stöðugleika að leiðarljósi. Á árinu 2023 var framleiðslan rétt yfir 400 tonn sem er aukning milli ára. Fiskeldið Haukamýri er sjúkdómalaus umhverfissvæn stöð og ekki notuð nein lyf eða bóluefni. Þá notast stöðin við hágæða fóður unnið úr hráefnum frá óerfðabreyttri framleiðslu. Haukamýri hefur því verið með alþjóðlegu gæðavottunina AquaGap frá árinu 2013. Formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna, var nýlega boðið að skoða stöðina undir leiðsögn auk þess sem hann spjallaði við starfsmenn sem flestir eru félagsmenn í Framsýn en um 16 stöðugildi eru í stöðinni. Greinilegt er að það er mikill mannauður hjá Fiskeldinu í Haukamýri enda úrvals starfsmenn við störf hjá fyrirtækinu.



Framsýn fundar með Samkaup

Framsýn hefur komið á framfæri við Samkaup óánægju heimamanna með þjónustu fyrirtækisins á Húsavík, sérstaklega hvað varðar verslunina Nettó. Krafist er úrbóta þegar í stað. Á aðalfundi Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar á dögunum urðu miklar umræður meðal fundarmanna um stöðuna varðandi matvöruverslanir á Húsavík. Skorað var á forsvarsmenn Framsýnar að beita sér í málinu, þar sem staðan væri óviðunandi með öllu. Rétt er að taka skýrt fram að gagnrýnin beinist ekki gagnvart starfsfólki Nettó.

Í kjölfarið fundaði formaður Framsýnar með forstjóra Samkaupa um málið þar sem óánægju heimamanna var komið á framfæri um leið og skorað var á fyrirtækið að taka ábendingar heimamanna alvarlega. Fundurinn var vinsamlegur enda fara hagsmunir beggja aðila saman, það er að efla starfsemi Samkaupa á svæðinu ekki síst í ljósi þess að aðrar verslunarkeðjur hafa ekki sýnt því áhuga að koma inn á svæðið og hefja verslunarrekstur. Niðurstaða samtalsins var að heyrast aftur um miðjan febrúar.



Forsvarsmenn Framsýnar gerðu sér nýlega ferð í Öxarfjörðinn. Tilgangur ferðarinnar var meðal annars að heimsækja fiskeldi Samherja. Á meðfylgjandi mynd er Agnieszka Szczodrowska starfsmaður stéttarfélaganna ásamt Ivönu Kohutova sem er trúnaðarmaður starfsmanna og Marta Gryczewska.

Þingeyjarsveit svarar kalli Framsýnar

Framsýn hefur undanfarið skorað á sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum að sína aðhald í hækkunum á gjaldskrár þar sem það muni án efa liðka fyrir gerð kjarasamninga á almenna vinnumarkaðinum. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum standa kjaraviðræður yfir um þessar mundir enda samningar lausir. Tjörneshreppur og Norðurþing höfðu áður svarað ákalli Framsýnar með jákvæðum hætti. Nú hefur Þingeyjarsveit jafnframt sent frá sér yfirlýsingu sem er í anda viðbragða Norðurþings og Tjörneshrepps. Framsýn fagnar viðbrögðum sveitarfélaganna sem hafa greinilega vilja til þess að leggja sitt að mörkum svo takist að klára gerð kjarasamninga á næstu vikum. Nánari umfjöllun um málið er að finna inn á heimasíðu stéttarfélaganna.



Auglýsing um kjör í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Framsýnar stéttarfélags kjörtímabilið 2024-2026

Aðalsteinn Árni Baldursson
Ósk Helgadóttir
Sigurveig Arnardóttir
Jakob G. Hjaltalín
Elva Héðinsdóttir
Kristján M. Öundurason
Torfi Aðalsteinsson

Formaður
Varaformaður
Ritari
Gjaldkeri
Meðstjórnandi
Meðstjórnandi
Meðstjórnandi

Skrifstofa stéttarfélaganna
Þingeyjarsveit - Stórutjarnaskóli
Heilbrigðisstofnun Norðurlands
ÚA - Laugum
PwC Húsavík
Vegagerðin
Jarðboranir hf.

VARASTJÓRN:

Guðný I. Grímsdóttir
Agnes Einarssdóttir
María Jónsdóttir
Stefán Stefánsson
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Börkur Kjartansson

ÚA - Laugum
Vogafjós
Fatahreinsun Húsavíkur
Landsvirkjun
Norðurþing - Leikskólinn Grænuvellir
Brim hf.

TRÚNAÐARRÁÐ:

Arnar Guðmundsson
Sólveig Mikaelssdóttir
Guðlaug Anna Ívarsdóttir
Sigfús Hilmir Jónsson
Sigrún Hildur Tryggvadóttir
Þráinn Þráinsson
Sunna Torfadóttir
Fanný S Cloé Goupil Thiercelin
Þórdís Jónsdóttir
Rúnar Þór Jóhannsson
Ölver Þráinsson
Birta G. Amlin Sigmarsdóttir
Jónas Sævarsson
Ingimar Knútsson
Guðrún St. Steingrímsdóttir

Sjóvá
Norðurþing - Stjórnsýsluhús
Norðurþing - Öxarfjarðarskóli
Rifós hf.
PCC BakkiSilicon hf.
Vikurraf ehf.
Norðurþing - Leikskólinn Grænuvellir
Penninn/Eymundsson
Þingeyjarsveit - Þingeyjarskóli
Jón Ingi Hinriksson ehf.
Norðlenska ehf.
Heilbrigðisstofnun Norðurlands
SAH bretti ehf.
PCC BakkiSilicon hf.
Penninn/Eymundsson

Stjórn fræðslusjóðs:

Börkur Kjartansson
Gunnþórunn Þórgrímsdóttir
Stefán Stefánsson

Varamenn:

Kristján M. Öundurason
Elva Héðinsdóttir

Stjórn sjúkrasjóðs:

Aðalsteinn Á. Baldursson
Arnar Guðmundsson
Ingibjörg Benediktsdóttir

Varamenn:

Ósk Helgadóttir
Sólveig Mikaelssdóttir
Jónína Hermannsdóttir

Stjórn orlofsjóðs:

Ósk Helgadóttir
Kristján Ingi Jónsson
Agnieszka Anna Szczodrowska

Varamenn:

Þórunn Anna Magnúsdóttir
Sunna Torfadóttir

Stjórn vinnudeilusjóðs:

Elísabet Gunnarsdóttir
Jakob Gunnar Hjaltalín
Gunnhildur Gunnsteinsdóttir

Varamenn:

Ásgerður Heba Aðalsteinsdóttir
Elísa Dagmar Andrésdóttir



Laganefnd:

Aðalsteinn J. Halldórsson
Torfi Aðalsteinsson
Sigurveig Arnardóttir
Varamenn:
Ingimar Knútsson
Hjördis Sverrisdóttir

Kjörstjórn:

Sólveig Mikaelssdóttir
Jónas Sævarsson
Varamenn:
Elísabet Gunnarsdóttir
Ingimar Knútsson

Skoðunarmenn reikninga:

Sigrún Marinósdóttir
Pétur H. Pétursson
Varamaður:
Kristbjörg Vala Kristjánsdóttir

Siðanefnd:

Ari Páll Pálsson, formaður
Þóra Kristín Jónasdóttir
Ingunn Guðbjörnsdóttir
Varamenn:
Friðrika Illugadóttir
Eydís Kristjánsdóttir

Fulltrúar í 1. maí nefnd stéttarfélaganna:

Sigurveig Arnardóttir
Aðalsteinn Árni Baldursson
Varamenn:
Guðný Ingibjörg Grímsdóttir
Þráinn Þráinsson

Deild verslunar- og skrifstofufólks:

Aðalsteinn J. Halldórsson formaður
Elva Héðinsdóttir varaformaður
Karl Hreiðarsson ritari
Anna Brynjarsdóttir meðstjórnandi
Kristbjörg Vala Kristjánsdóttir meðstjórnandi

Sjómannadeild Framsýnar:

Jakob Gunnar Hjaltalín formaður
Börkur Kjartansson varaformaður
Gunnar Sævarsson ritari
Sígður Jósefsson meðstjórnandi
Héðinn Jónasson meðstjórnandi

Stjórn Framsýnar-ung:

Sunna Torfadóttir formaður
Öundur Kristjánsson ritari
Birta G. Amlin Sigmarsdóttir meðstjórnandi
Arnór Elí Viðisson meðstjórnandi

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingartillögum um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félaga í trúnaðarstöður fyrir næstu starfsár. Breytingartillögu skal fylgja skriflega heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 40 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 80 fullgildra félagsmanna. Skyld er að koma breytingartillögum til Skrifstofu stéttarfélaganna, Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 1. mars 2024. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Rétt er að taka fram að auglýsing þessi á ekki við um kjör í stjórnir deilda innan félagsins þar sem kosið er í stjórnir deilda á aðalfundum deildanna, það er Sjómannadeildar og Deildar verslunar- og skrifstofufólks. Það sama á við um stjórn Framsýnar-ung. Stjórn og trúnaðaráð Framsýnar skipar í stjórnina á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum félagslaga.

Húsavík 24. janúar 2024
Trúnaðarráð Framsýnar stéttarfélags

Veiga, jólasveinn ársins 2023

Sigurveig Arnardóttir var valin „Jólasveinn ársins 2023“ á lokafundi stjórnar og trúnaðarráðs Framsýnar á árinu. Trúnaðarmönnum á vinnustöðum, starfsmönnum stéttarfélaganna og stjórn Framsýnar-ung var einnig boðið að sitja fundinn sem fram fór föstudaginn 8. desember. Fundarmönnum bauðst að kjósa þann félagsmann sem þykir hafa skarað fram úr í starfi Framsýnar á árinu. Titillinn „Jólasveinn ársins 2023“ hlaut Sigurveig Arnardóttir fyrir hennar mikla og óeigingjarna starf í þágu félagsins, reyndar til margra ára. Henni hafa verið falið mörg trúnaðarstörf á vegum Framsýnar og er í dag í aðalstjórn félagsins auk þess sem hún var til margra ára trúnaðarmaður starfsmanna á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík. Hún er í dag starfsmaður HSN sem nýlega tók yfir rekstur Hvamms að mestu. Framsýn óskar Sigurveigu til hamingju með titilinn um leið og henni eru þökkúð frábær störf í þágu félagsins. Veiga er einstakur félagi! Það var formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, sem afhendi Sigurveigu jólasveininn eftirsóttá í ár.



Fréttabréfið liggur frammi í verslunum

Því miður er pósturinn að mestu hættur að bera út fjölpóst. Þess vegna mun Fréttabréfið ekki berast lesendum í Þingeyjarsýslum með póstinum. Þess í stað geta félagsmenn og aðrir dyggir lesendur nálgast Fréttabréfið í helstu matvörubúðum á svæðinu auk þess sem það liggur frammi á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Til móts við eldri borgara og öryrkja

Framsýn hefur tekið saman og komið á framfæri við Starfsgreinasamband Íslands áherslum félagsins er varðar baráttumál eldri félagsmanna og öryrkja. Eins og kunnugt er á sambandið í viðræðum við Samtök atvinnulífsins og stjórnvöld um heildarkjarasamning. Framsýn hefur í þessum viðræðum lagt mikla áherslu á að stjórnvöld komi að því með verkalyðshreyfingunni að bæta kjör þeirra sem eru ekki lengur á vinnumarkaði. Áherslurnar eru eftirfarandi:

- Framsýn lýsir yfir fullum stuðningi við þá kröfu Landsambands eldri borgara að grunnlífeyrir frá TR verði samþæflegur lægsta taxta SGS.
- Framsýn lýsir yfir fullum stuðningi við þá kröfu Landssambands eldri borgara að frítekjumark vegna lífeyristekna verði hækkað verulega en það hefur verið óbreytt til margra ára.
- Framsýn telur afar óeðlilegt að móttframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð falli niður við 70 ára aldur fólks á vinnumarkaði.
- Framsýn kallar eftir leiðréttingum á framfærsluviðmiðum til að tryggja eldri borgurum mannsæmandi lífsviðurværi.
- Framsýn telur eðlilegt að tekið verði tillit til þess við ákvörðun lífeyris að lífslíkur sjóðfélaga eru mismunandi. Horft verði til breytinga sem verið er að gera í Danmörku á almannatryggingakerfinu til að mæta misjöfnum lífslíkum.
- Framsýn telur eðlilegt að séreign verði gerð skattfrjáls.
- Ríkið jafni að fullu örorkubýrgði lífeyrissjóðanna.



Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum upp á góðan afslátt á flugi með Icelandair milli landa. Með því að kaupa Gjafabréf Icelandair inn á orlofsvef stéttarfélaganna á kr. 24.000,- gildir það sem kr. 30.000,- upp í ferðina. Hverjum félagsmanni er heimilt að kaupa tvö gjafabréf á ári með Icelandair.

Frekari upplýsingar eru á <http://orlof.is/framsyn/>



Auglýsing um kjör á fulltrúum í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Þingiðnar fyrir kjörtímabilið 2024-2026

Kjörnefnd Þingiðnar hefur komið sér saman um fulltrúa í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Þingiðnar fyrir kjörtímabilið 2024-2026. Heimilt er hverjum fullgildum félag að koma með breytingartillögur um félagsmenn í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan í trúnaðarstöður næsta kjörtímabil. Breytingartillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 10% fullgildra félagsmanna. Sjá frekari upplýsingar neðar í auglýsingunni.

Aðalstjórn:

Jónas Kristjánsson
Jónas Hallgrímsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Þórður Aðalsteinsson
Hermann Sigurðsson

Varastjórn:

Gunnólfur Sveinsson
Máni Bjarnason
Daníel Jónsson
Hörður Ingi Helenuson

Trúnaðarmannaráð:

Sigurjón Sigurðsson
Kristján G. Þorsteinsson
Andri Rúnarsson
Kristinn Jóhann Lund
Rafnar Berg Agnarsson
Sigurður Karlsson

Varatrúnaðarmannaráð:

Sveinbjörn Árni Lund
Kristján Gíslason
Sigurður Sigurjónsson
Bjarni Gunnarsson

Skoðunarmenn ársreikninga:

Kristján Gíslason
Arnþór Haukur Birgisson

Varamenn:

Stefán Jónasson
Tístran Blær Karlsson

Kjörnefnd:

Davíð Þórólfsson
Gunnólfur Sveinsson
Kristján Gíslason

Stjórn Sjúkrasjóðs:

Jónas Kristjánsson
Hermann Sigurðsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson

Varamenn:

Jónas Hallgrímsson
Þórður Aðalsteinsson
Stefán Jónasson

Stjórn Orlofssjóðs:

Jónas Kristjánsson
Jónas Hallgrímsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Þórður Aðalsteinsson
Hermann Sigurðsson

Formaður
Varaformaður
Ritari
Gjaldkeri
Meðstjórnandi

Vinnustaður:

Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Norðurvík ehf.
Curio ehf.
Fagmál ehf.

Norðurvík ehf.
Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Fjallasýn ehf.
Trésmiðjan Rein ehf.
PCC Bakki
Eimskip hf.

Curio ehf.
Norðlenska ehf.
Bifreiðaskoðun Íslands ehf.
Fjallasýn ehf.

Kjörstjórn:

Máni Bjarnason
Jónmundur Aðalsteinsson

Varamaður:

Andri Rúnarsson

Fulltrúi í 1. maí nefnd stéttarfélaganna:

Jónas Kristjánsson

Stjórn Fræðslusjóðs:

Jónas Kristjánsson
Aðalsteinn Árni Baldursson
Jónína Hermannsdóttir

Varamenn:

Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Hermann Sigurðsson

Stjórn Vinnudeilusjóðs:

Jónas Kristjánsson
Jónas Hallgrímsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Þórður Aðalsteinsson
Hermann Sigurðsson



Heimilt er hverjum fullgildum félag að koma með breytingartillögur um félagsmenn í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan í trúnaðarstöður næsta kjörtímabil. Breytingartillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 10% fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 20% félagsmanna. Skyld er að koma breytingartillögum til skrifstofu félagsins að Garðarsbraut 26, 640 Húsavík, fyrir 28. febrúar 2024.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. gr. félagslaga c-lið eru félagsmenn skuldbundnir til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, nema einhver sú ástæða hamli, sem félagsfundur tekur gilda. Enginn getur, nema af frambornum ástæðum sem félagsfundur tekur gilda, skorast undan að taka kosningu í stjórn eða útnefningu til annarra starfa í þágu félagsins. Þó getur starfandi stjórnarmaður, sem verið hefur þrjú ár samfelld í stjórn félagsins, skorast undan stjórnarstörfum í jafnlangan tíma. Sama gildir um önnur trúnaðarstörf í þágu félagsins.

Húsavík 16. janúar 2024. Kjörnefnd Þingiðnar



Pitt fyrirtæki í aðalhlutverki

Við höfum reynslu, réttu lausnirnar og ástríðu fyrir því að fyrirtækið þitt eigi stórleik á sínu sviði atvinnulífsins. Kraftmikil verðmætasköpun stendur undir þeirri velsæld sem Íslendingar búa við.

Við erum stolt af því að stór hluti fyrirtækja, af öllum stærðargráðum, treysta okkur fyrir sínum viðskiptum.

islandsbanki.is